

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 87 26. mars 1976, um slit á skemmtunum og öðrum samkomum.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Skemmtunum, dansleikjum og öðrum samkvæmum, sem fram fara á almennum skemmtistöðum, félagsheimilum eða veitingahúsum, skal slíta í síðasta lagi klukkan eitt eftir miðnætti. Skemmtanir, dansleikir og önnur samkvæmi, sem hefjast að kvöldi föstudags eða laugardags eða kvöldið fyrir almennan frídag, mega þó standa til klukkan þrjú eftir miðnætti.

Leyfi lögreglustjóra þarf þó til að skemmtun standi lengur en til kl. 23.30.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 120 22. desember 1947, um heimild til þess að marka skemmtunum og samkomum tíma, öðlast gildi 16. júlí 1979.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. júlí 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Hjalti Zophoníasson.

Nr. 281.

25. júní 1979.

REGLUGERÐ

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Skagastrandar, nr. 269 11. júní 1975.

1. gr.

2. gr. orðist þannig:

Lestagjöld.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 21.00 á brúttórúmllest.
- b. Strandferðaskip og skemmtiferðaskip greiði kr. 10.50 á brúttórúmllest.
- c. Innland fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiði kr. 21.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftár en tvisvar í mánuði.
- d. Bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiði lestagjald einu sinni á ári kr. 1 400.00 á brúttórúmllest, þó aldrei minna en kr. 7 000.00.

Gjald dagi er 1. apríl eða eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í þrjú mánuði.

Undanþegin greiðsla lestagjalds eru herskip, varðskip, og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip, sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúlka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

2. gr.

3. gr. orðist þannig:

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 10.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.